

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis

við Fjölsmiðjuna í Kópavogi

um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Fjölsmiðjan í Kópavogi, kt. 660601-2969, í samningi þessum nefnt Fjölsmiðjan, gera með sér svofelldan samning á grundvelli heimildar í 30. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerðar nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs.

1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið:

Markmiðið er að veita nemendum á aldrinum 16-20 ára sem ekki eru í skóla aðstoð og þjálfun svo þeir fái atvinnu eða fari aftur í skóla. Til þess skal Fjölsmiðjan hafa menntaða kennara, náms- og starfsráðgjafa og færa leiðbeinendur.

1.2. Starfsemi:

Fjölsmiðjan rekur ýmsa starfsemi, s.s. bílahreinsun og bón, trésmíði, tölvuviðgerðir, prentþjónustu, rekstur mötuneytis o.fl. þar sem nemendur eru þjálfaðir í vinnubrögðum og ástundun. Við stofnunina starfa tveir kennarar og 8 leiðbeinendur sem allir eru iðnmeistarar.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

2.1. Framlag ríkisins til samnings þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs og er það 20 m.kr. árið 2015.

2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, og við Alþingi. Það mun leggja til við fjárlagagerð að árlegt framlag til samningsins út samningstímann verði í samræmi við gr. 2.1. með fyrirvara um að Fjölsmiðjan standi við skuldbindingar sínar. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Fjölsmiðjan ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.

2.3. Fjölsmiðjan starfar samkvæmt skipulagsskrá sem var samþykkt var 2. desember 2002.

2.4. Fjölsmiðjan starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.



3. Ábyrgð

- 3.1. Fjölsmiðjan ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Fjölsmiðjan skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. Fjölsmiðjan ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. Fjölsmiðjunni er óheimilt að:
 - 3.3.1 Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - 3.3.2 Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

4 Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 4.1 Ráðuneytið greiðir árlegt framlag tvisvar á ári, í mars og september. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Fjölsmiðjunnar.
- 4.2 Fjölsmiðjan skilar ráðuneytinu endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum, að afloknum ársfundi eða fyrir lok júní ár hvert og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.
- 4.3 Eigi Fjölsmiðjan í viðskiptum við lögaðila sem hún á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hennar, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

5 Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

- 5.1 Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2 Fulltrúar ráðuneytis og Fjölsmiðjunnar funda að lágmarki árlega um samninginn.
- 5.3 Að afloknum ársfundi skilar Fjölsmiðjan ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi meðal annars hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samburði við áætlun.
- 5.4 Fjölsmiðjan skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.5 Fjölsmiðjan veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálf eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 5.6 Samning þennan, ársreikning Fjölsmiðjunnar, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Fjölsmiðjunnar jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.

6 Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1 Fjölsmiðjan tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að hún geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.
- 6.2 Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Fjölsmiðjan ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3 Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4 Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

J/MZ

7 Gildistími og lok samnings

- 7.1 Samningurinn gildir frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2017.
- 7.2 Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3 Óski annar hvor samningsaðila að semja um áframhald eftir að gildistími samningsins lýkur skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út.
- 7.4 Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.5 Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík 16. desember 2015

Hellen M. Gunnarsdóttir
F.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis

Margrjet Friðvikiðóttir
F.h. Fjölsmiðjunnar í Kópavogi